

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 131/2004**

**frá 24. september 2004**

**um breytingu á XV. viðauka (Ríkis aðstoð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2004 frá 8. júní 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 363/2004 frá 25. febrúar 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 68/2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2004 frá 25. febrúar 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 70/2001 að því er varðar rýmkun gildissviðs hennar þannig að hún taki til aðstoðar til eflingar rannsóknnum og þróun <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

1. Liður 1d (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001) í XV. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:
  - 1.1 Eftirfarandi bætist við:

„, eins og henni var breytt með:

- **32004 R 0363**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 363/2004 frá 25. febrúar 2004 (Stjtíð. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 20).“
  - 1.2 Í stað aðlögunarliðar c) komi eftirfarandi:

„Ákvæði 1. gr. hljóði svo: „Reglugerð þessi gildir um aðstoð til menntunar í öllum atvinnugreinum sem falla undir 61.–64. gr. EES-samningsins, að undanskilinni aðstoð sem fjallað er um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1407/2002.““
  - 1.3 Eftirfarandi aðlögunarliðir bætist við:

„k) Í stað orðanna „27. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999“ í 3. mgr. 7. gr. komi orðin „27. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 59, 25.11.2004, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 20.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 22.

- l) Í stað orðanna „3. mgr. 88. gr. sáttmálans“ í 7. gr. a komi orðin „3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“. Í stað orðanna „samrýmast sameiginlega markaðnum“ komi orðin „samrýmast framkvæmd EES-samningsins“. Í stað orðanna „3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
2. Liður 1f (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001) í XV. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:
- 2.1 Eftirfarandi bætist við:
- „, eins og henni var breytt með:
- **32004 R 0364**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2004 frá 25. febrúar 2004 (Stjtíð. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 22).“
- 2.2 Aðlögunarliðir e), f), g), h) og i) verði aðlögunarliðir g), h), i), j) og k).
- 2.3 Eftirfarandi aðlögunarliðir bætist við á eftir aðlögunarlið d):
- „e) Í stað orðanna „a-liður 3. mgr. 87. gr.“ og „a-liður 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „a-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- f) Í stað orðanna „c-liður 3. mgr. 87. gr.“ og „c-liður 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „c-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- 2.4 Aftast í aðlögunartextanum í hinum nýja aðlögunarlið i) bætist við orðin „, að því er 4. og 5. gr. varðar“.
- 2.5 Í stað orðanna „Í 3. gr. og 5. gr.“ í hinum nýja aðlögunarlið j) komi orðin „Í 3. gr., 5. gr., 5. gr. a, 5. gr. b, 5. gr. c og 9. gr. a“.
- 2.6 Í stað textans í hinum nýja aðlögunarlið k) komi eftirfarandi:
- „Í stað orðanna „a-liður og c-liður 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ í 2. mgr. 4. gr. komi orðin „a-liður og c-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- 2.7 Eftirfarandi aðlögunarliðir bætist við:
- „l) Í stað orðanna „viðmiðunarregluna Bandalagsins um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum“ í 2. mgr. 6. gr. a komi orðin „viðmiðunarregluna Bandalagsins og málsmeðferðar og efnis regluna Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar, 16. kafla um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum“.
- m) Í stað orðanna „27. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999“ í 9. gr. komi orðin „27. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 363/2004 og 364/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*